DV

Sandkorn



Páll Pétursson.

Páll Pétursson góður kennari?

Páll Pétursson frá Höllustöðum er oft hnyttinn í tilsvörum. Þegar umræður voru sem heitastar á Alþingi um húsnæðismálin var Páll auðvitað í púlti. Hann benti Jóhönnu Sigurðardóttur á að ýmislegt mætti betur fara í frumvarpinu um húsnæðismálin. Talaði hann með tón læriföðurins.

Steingrímur J. Sigfússon gat ekki á sér setið og greip fram í fyrir Páli og hrópaði: „Hefur þingmaðurinn kennararéttindi?"

„Hann hefur, já, gott upplag til þess að kenna," svaraði Höllustaðabóndinn að bragði. Gott svar.

Styrjöld í Kringlunni

Nú stefnir í styrjöld í Kringlunni, að sögn Guðmundar Jaka, eftir að trúnaðarmaður öryggisvarða var rekinn úr starfi. Oft er haft á orði í slíkum tilvikum að farið verði í hart og svona lagað verði ekki þolað. En það er ekki að spyrja að því þegar öryggisgæjarnir mótmæla, þá heitir styrjöld og ekki par minna.

Boltamenn og byltingin

Landsliðsmennirnir í knattspyrnu voru daprir vegna aðstöðunnar í Rússlandi þegar þeir fóru þangað til að keppa við Rússa í fótbolta. Þetta varð til þess að haft var eftir þjálfaranum, Sigi Held, í DV í gær að hann hafi sagt við menn sína að þeir gætu ekki breytt neinu í Rússíá og þeir ættu að einbeita sér að sjálfum landsleiknum.

Leikurinn fór fram í gær, 28. október. Það hefði frekar átt að spila leikinn 7. nóvember næstkomandi því þá hefðu boltamennirnir okkar dembt á einni rauðri byltingu, svona í leiðinni, og þeir hefðu fengið að sjá rautt og verið sendir beint í sturtu.

Lélegir rjúpnaveiðimenn

Óður landeigandi vestur á Ströndum ógnaði tveimur rjúpnaskyttum með skotvopni á dögunum. Rjúpnaskytturnar kærðu landeigandann þegar fyrir að trufla veiðarnar og láta eins og dusilmenni. Annars skilur maður ekki hvers vegna rjúpnaskytturnar svöruðu ekki fyrir sig þegar bóndinn ógnaði. Og hvers konar skyttur eru þetta eiginlega; bóndinn í góðu færi og ekki í felulitum?

Ljósataflan í þinginu

Forláta ljósatafla er núna komin í Alþingishúsið og sýnir taflan stöðuna í húsinu, hversu margir séu stjórnarsinnar og í stjórnarandstöðu. Kvað taflan vera vinsæl. Sumir hafa haft á orði að taflan sýni frekar greindarvísitölu þingmanna en hve margir þeirra eru í húsinu.

Bogi Ágústsson til Flugleiða

Bogi Ágústsson er nýráðinn blaðafulltrúi Flugleiða. Bogi er þekktur fréttasnápur og ekki eru margir mánuðir liðnir síðan hann var ráðinn sem aðstoðarframkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins. Oft eru stöðuveitingar umdeildar, sérstaklega í bankakerfinu, en menn eru á einu máli um að það sé ekkert bogið við ráðningu nýja blaðafulltrúans.

Nóttina í skrúfuna

Dagbækur sjómanna eru oft fjörugar. Sjómaður einn, sem var lítið gefinn fyrir staðsetningu, ku eitt sinn hafa skrifað: „Í dag fékk ég nóttina í skrúfuna. Hali er núna í landi og Haugur á sjó." Öðlingurinn var víst að skrifa um vini sína, Halla og Hauk, og loðnunót skipsins.

Engan póstkassa á pósthús, takk

Nýja pósthúsið við Rauðarárstíg er svo flott og fínt að þar er pent bannað að setja póstkassa utan á húsið, svona fyrir okkur hin sem stöndum í bréfaskriftum. Máttur arkitektanna er farinn að verða ansi mikill, ekki satt?



Nýi búningurinn.

Nýir flugfreyjubúningar

Flugleiðir hafa tekið nýja flugfreyjubúninga í notkun. Jakkarnir nýju eru með tveimur tölum en voru með einni áður. Flugfreyjurnar hneppa þess vegna helmingi betur að sér núna en áður. Annars eru svona breytingar ekki mjög fréttnæmar því hverjir horfa eiginlega á búningana þegar þeir góna á flugfreyjur?

Umsjón: Jón G. Hauksson

FJÖLBRAUTASKÓLINN BREIÐHOLTI

FRÁ FJÖLBRAUTASKÓLANUM Í BREIÐHOLTI

Umsóknir um skólavist í dagskóla FB á vorönn 1988 skulu hafa borist skrifstofu skólans, Austurbergi 5, fyrir 14. nóvember nk.

Nýjar umsóknir um kvöldskóla FB (öldungadeild) á vorönn 1988 berist skrifstofunni fyrir sama tíma. Einnig þarf að staðfesta fyrir 14. nóvember fyrri umsóknir væntanlegra nýnema með bréfi eða símtali. Sími skólans er 75600.

Skólameistari



Menning


Alls konar konkret

Kristján Steingrímur að Kjarvalsstöðum

Nú sýnir að Kjarvalsstöðum ungur og röskur listmálari, Kristján Steingrímur (Jónsson), nýkominn heim eftir fjögurra ára törn við Listaháskólann í Hamborg. Sýning þessi er merkileg fyrir margra hluta sakir, fyrir augljósa hæfileika listamannsins, gagnmerka sýningarskrá hans, en ekki síst fyrir það sem hún segir okkur um vanda ungra íslenskra listmálara í dag.

Kristján Steingrímur var eitt af þeim galvösku ungmennum sem gekk bæði í gegnum hugmyndafræðilegar pælingar í Nýlistadeild Myndlista- og handíðaskólans seint á síðasta áratug og vaxtarverki „nýja málverksins". Hann var til dæmis einn af þeim „7 ungu" sem mörkuðu framtíðarstefnuna í málverkinu á sýningu í Norræna húsinu árið 1982.

En þegar hann kom út til Þýskalands árið 1983 uppgötvaði Kristján Steingrímur að hið „nýja málverk"



Kristján Steingrímur – Eftirþanki, 1987.

sem nokkurs konar baksvið. Ofan á þennan grunn leggur hann tví- og þrívíð form í óreglulegum strangflatastíl og læsast þau saman með reglubundnum hætti. Mér koma í hug marglitar „lágmyndir" Franks Stella.

Fyrir framan þennan samsetning svífa misjafnlega brotnar, reglustikaðar línur sem líta út eins og leiðakerfi neðanjarðarlestanna í París.

Laustengt við þennan meginstrúktúr er ýmiss konar fornfálegt flúr og minni sem eiga að vera þjóðlegar skírskotanir: fiskar, fiskimenn, skjaldarmerki og annað í þeim dúr.

Ópersónulegt

Hér er sem sagt kominn myndlistarlegur kokkteill sem enginn annar en Kristján Steingrímur hefði getað blandað með svipuðum hætti.

Samt er yfir þessu bralli hans afskaplega ópersónulegur blær og handahófskenndur, eins og listamaðurinn sé að setja saman myndverk fyrir einhverja aðra en sjálfan sig.

Eitt af fáum verkum sem ber vott um einkalega úrvinnslu á sjálfstæðum myndrænum forsendum er myndröðin „Sjöund" (1987), en þar samræmir Kristján Steingrímur táknmyndir sínar og sjálfan myndflötinn – án þess þó að „merking" verksins liggi ljósar fyrir.

En það má Kristján Steingrímur eiga að hann telur sig ekki ennþá hafa höndlað viskusteininn í myndlistinni.

Eða eins og hann segir í sýningarskránni: „Ég geri mér grein fyrir því að ég er enn undir áhrifum úr ýmsum áttum. Ég tel mig hafa náð fótfestu og þroska til að byggja á en á vonandi eftir að þróast mikið enn og finna mér minn eigin stað."

-ai

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

var í raun ævagamalt, sem segir út af fyrir sig ýmislegt um þá einangrun sem innvígðir listamenn búa sjálfum sér stundum hér heima, þó svo vindar upplýsingarinnar blási úti fyrir.

„Það þýddi þess vegna lítið fyrir mig að halda áfram í sama dúr og hér heima; það hefði bara haft hægan dauðdaga í för með sér. Ég varð að finna mér mína eigin persónulegu leið," segir listamaðurinn í samtali við Illuga Jökulsson, sem birtist í sýningarskránni.

Ívitnunarstefna

Það er tímanna tákn að sú leið sem Kristján Steingrímur velur liggur ekki inn á við, heldur út á við, og endar í fyrri liststefnum, ekki lífinu sjálfu.

Hér er sem sagt um að ræða ívitnunarstefnu þá sem talin er fylgifiskur póstmódernismans.

Eða eins og listamaðurinn segir í áðurnefndu viðtali: „Það er ennþá expressjónismi í þessum myndum mínum en líka geómetría og konstrúktífismi og alls konar konkret hlutir..."

Í allmörgum myndum sínum notar Kristján Steingrímur hinar láréttu og lóðréttu áherslur geómetríunnar

HJÓNASKILNAÐUR – SAMBÚÐARSLIT



ERTU VISS UM RÉTT ÞINN?

Upplýsingabæklingar og ráðgjöf á skrifstofu okkar.

Ingólfur Hjartarson • Ásgeir Thoroddsen
William Thomas Möller • Kristján Ólafsson
Lára Hansdóttir • Ingibjörg Bjarnadóttir

Lögfræðiþjónustan hf

Verkfræðingahúsinu, Engjateigi 9
105 Reykjavík, sími (91)-689940